

61. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 8. desember 2017 kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Sigrún Árnadóttir, Ásgeir Eiríksson, Magnús Stefánsson, Gunnar H. Garðarsson, Marta Jónsdóttir, Guðjón Skúlason, Sigrún Elefsen, Brynhildur Kristjánsdóttir, Eggert Sólberg Jónsson, Berglind Kristinsdóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun Markaðsstofu Reykjaness 2018. PHAB*
2. *Starfsáætlun Markaðsstofu Reykjaness 2018. PHAB*
3. *Samningur við Ferðamálastofu. PHAB*
4. *Breytingartillaga að árgjaldi í MR. PHAB*
5. *Vetrarfundur ferðaþjónustunnar. PHAB/ESJ*
6. *Fundir í sveitarfélögum. PHAB/ESJ*
7. *Kynning á blaðamannaferðum og umfjöllun. GHG*
8. *Mælaborðið 2018 – uppfærsla.*
9. *Atvinnuleysistöflur.*
10. *Önnur mál.*

1. Mál Fjárhagsáætlun Markaðsstofu Reykjaness 2018. PHAB

Pura kynnti fjárhagsáætlun MR fyrir árið 2018. Áætlunin samþykkt.

2. Mál Starfsáætlun Markaðsstofu Reykjaness 2018. PHAB

Pura kynnti starfsáætlun MR 2018.

3. Samningur við Ferðamálastofu. PHAB

Pura kynnti drög að samningi við Ferðamálastofu um stoðumhverfi ferðaþjónustu 2018-2020. Framkvæmastjóra MR og Heklunnar falið að ganga frá samningi og verður hann sendur á stjórn þegar hann er tilbúinn til undirritunar.

4. Breytingartillaga að árgjaldi í MR. KHAB

Pura kynnti tillögu að breytingu að árgjaldi og endurskoðun á gjaldskrá. Tillagan samþykkt.

5. Vetrarfundur ferðaþjónustunnar. PHAB/ESJ

Eggert sagði frá vetrarfundum ferðaþjónustunnar sem haldinn verður í mars. Fjallað verður um ábyrga ferðaþjónustu og veittar viðurkenningar fyrir gott starf í þágu ferðaþjónustu á svæðinu og veitt nýsköpunar og hvatningarverðlaun.

6. Fundir í sveitarfélögum. PHAB/ESJ

Eggert sagði frá fyrirhuguðum fundum MR og Reykjanes UNESCO Global GeoPark í sveitarfélögum í ársbyrjun.

7. Kynning á blaðamannaferðum og umfjöllun. GHG

Gunnar Hörður kynnti vinnu vegna blaðamannaferða og umfjöllun um Reykjanes í fjölmiðlum.

8. Mælaborðið 2018 – uppfærsla

Berglind kynnti stöðu verkefna.

9. Atvinnuleysistölur

Heildarfjöldi á atvinnuleysisrá í desember 2017 er 320 en var 257 í október 2017. Þar af eru 225 í Reykjanesbæ sem er 1,80% af vinnumarkaði, 31 í Sandgerði eða 0,93%, 19 í Garði 1,21%, 19 í Vogum 2,16% og 22 í Grindavík eða 0,93% af vinnumarkaði. Atvinnuleysi í Sandgerði er yfir landsmeðaltali.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12:23.